

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

SEPTEMBER 2015



9. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Í ALFARALEIÐ

20
Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

- bls. 4
Viðtal við
Dagnýju
Annasdóttur
skólastjóra
Melaskóla

- bls. 7
Græðgisvæðing
í ferðapjónustunni



Svona mun íbúðabyggðin á gömlu Lýsislóðinni á mótum Grandavegar og Eiðisgranda líta út.

Byrjað verður að selja á Lýsisreitnum um áramót

„Við ætlun okkur að setja fyrstu íbúðirnar á Lýsisreitnum í sölu um eða upp úr áramótum og stefnum á að afhendingar geti hafist í apríl á næsta ári,“ segir Pálmar Harðarson forstjóri Þingvangs í samtali við Vesturbæjarblaðið en miklar byggingaframkvæmdir standa nú yfir á vegum fyrirtækisins á þessu svæði í Vesturbænum.

Alls verður byggð 141 íbúð í sex áföngum. Þær íbúðir sem fyrstar fara í sölu og verða tilbúnar til afhendingar á fyrri

hluta næsta árs verða á austari hluta byggingarsvæðisins en framkvæmdum á vestari hlutanum næst Eiðisgranda lýkur síðar. Fremst á byggingarsvæðinu við Eiðisgranda verða sex til níu hæða fjölbýli en húsin lækka eftir því sem austar dregur í lóðina þar sem verið er að byggja fjögurra og niður í tveggja hæða hús. Með þessum framkvæmdum hafa orðið miklar breytingar á reitnum og umhverfinu við Grandavegin neðanverðan. Einnig má gera ráð fyrir breytingum á mannlífi

þegar svo margir nýir íbúar bætast við á grónu svæði en alls er gert ráð fyrir á bilinu 400 til 500 íbúum á svæðinu eftir fjölskyldusamsetningum þegar framkvæmdum lýkur. Byggingarnar á Lýsisreitnum eru hluti af þéttingu byggðar í Reykjavík og uppbyggingu íbúðasvæða á reitum þar sem iðnaðarstarfsemi var rekin áður. Fyrirtækið Lýsi sem reiturinn er kenndur við er nú með starfsstöð í Örfirsey.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

**Siginn
fiskur**
í hádeginu alla
fimmtudaga
Sægreifinn

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
Þín verslun



Sími 551-0224

Af nýslátruðu helgartilboð!

fimmtug - föstudag - laugardag - sunnudag
24. - 27. september, á meðan birgðir endast

Lambalæri úr kjötborði 1498 kr/kg

Súpukjöt úr kjötborði 898 kr/kg

Nýr innmatur

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
9. tbl. 18. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Eflum læsi

Melaskólinn er einn af eldri barnaskólum landsins sem á síðri tímum var farið að kalla grunnskóla. Skólinn hefur lengi búið að fallettri umgjörð og innan hennar hefur verið lögð áhersla á faglegt skólastarf og góða umönnun um ungvíði sem eru að ganga sín fyrstu og önnur skref fram á veginn. Sóknin fram á við hefur ávallt einkennt starf Melaskóla um áratugi og hvergi er slegið af. Í viðtali við Dagnýju Annasdóttur skólastjóra hér í blaðinu koma einkunnarorð skólans fram en þau eru; virðing, samvinna, ábyrgð, sköpunargleði og framtíðarsýn. Nú á haustdögum slær Melaskóli heldur ekki slöku við og verður virkur þátttakandi í því þjóðarátaki sem farið er af stað og miðar að því að efla læsi og lesskilning. Eins og komið hefur fram skortir nokkuð á að ungt fólk og þá einkum karlmenn fari af stað út í lífið án þess að hafa nægilegt vald á þessari grunnundirstöðu alls náms. Ríki, sveitarfélög og skólayfirvöld hafa brugðist við þessari vondu vitneskju með réttum hætti. Í stað þess að snúa höfði aftur um öxl í leit að sökudólgum hefur verið efnt til þjóðarátaks til þess að efla þennan grunnþátt skólastarfsins. Er það vel og Vesturbæingar ætla ekki að láta sitt eftir liggja í að efla læsið.

Um 500 manns

Gert er ráð fyrir að á bilinu fjögur til fimm hundruð manns eigi eftir að flytja heimili sín í þau hýbýli sem eru að rísa á byggingarreitnum sem kenndur er við fyrirtækið Lýsi. Þessi fjölgun mun verða á næstu tveimur árum. Önnur óbyggð lóð er nokkru vestar við Ánanaustin. Það svæði er kennt við SÍF sem voru samtök fiskútflytjenda. Þegar uppbyggingu þess sem íbúðasvæðis lýkur fjölgar enn fólki í Vesturbænum og einnig mun nokkur íbúðabyggð eiga eftir að rísa í grennd við hafnarsvæðið. Þetta er hluti af þéttingu byggðar og endurskipulagningu gamalla iðnaðarsvæða. Þetta kallar einnig á styrkingu grunnstoða borgarinnar og aukinnar þjónustu. Fleiri börn þurfa í leik- og grunnskóla. Fleira fólk þarf á heilsugæslu að halda og svo mætti áfram telja. Umferð mun einnig aukast og þarf flæði hennar að haldast í hendur við fjölgun íbúanna. En ef allt gengur eftir megum við sjá nýtingu borgarsvæða sem staðið hafa auð og óbyggð um hríð og engum til þrýði um hríð.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Kynbundinn launamunur lækkar

Kynbundinn launamunur er á hraðri niðurleið hjá Reykjavíkurborg. Þetta kemur fram í greiningu sem Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Helgi Guðmundsson hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafa unnið fyrir Reykjavíkurborg. Í greiningunni, sem er unnin upp launagögnum Reykjavíkurborgar, kemur eftirfarandi fram. Þegar lítið er á borgina sem eina heild hefur kynbundinn launamunur farið úr 13,5% árið 2007 í 3,5% árið 2014. Sé þetta skoðað út frá málaflokkum lækkar kynbundinn launamunur úr 8,7% árið 2007 í 2,3% árið 2014.

Með í Vertu næs

Samþykkt hefur verið í borgarráði að Reykjavíkurborg taki áskorun Rauða krossins um að vera virkur þátttakandi í áttakinu Vertu næs en áskorunin hvetur til samskipta við fólk af erlendum uppruna og leggur áherslu á að við komum fram við hvert annað af virðingu. Uppruni, litaraft og trúarbrögð eiga ekki að skipta máli. Með samtakamætti er hægt að hafa mikil áhrif. Með áttakinu ætlar borgin sérstaklega að huga að starfsmönnum borgarinnar en yfir fjögur hundruð erlendir starfsmenn vinna hjá Reykjavíkurborg og þá eru ekki taldir með einstaklingar sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt.



Ásthildur stýrir Höfuðborgarstofu

Ásthildur Bragadóttir hefur verið valin úr hópi 39 umsækjenda til að taka við stöðu forstöðumanns Höfuðborgarstofu sem ber ábyrgð á verkefnum tengdum ferðamáli og vinnur að því að nýta sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á því sviði. Höfuðborgarstofa rekur fjölþætta upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn og sér um framkvæmd stórra borgarhátíða ásamt samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur annarra viðburða í borginni.



Aðgerðaráætlun ferðamálastefnu

Starfsemi Höfuðborgarstofu taka mið af nýrri aðgerðaáætlun ferðamálastefnu Reykjavíkur. Þar eru sett í forgang verkefni tengd innviðum, gæðum og skipulagi áfangastaðarins, móttaka gesta, samstarf og þróun ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að málefni miðborgarinnar munu í auknum mæli verða á ábyrgð Höfuðborgarstofu.

Samið um fullnaðarhönnun meðferðarkjarna

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra skrifaði undir samninginn við Corpus hópin um fullnaðarhönnun á meðferðarkjarna vegna byggingar nýs Landspítala við Hringbraut en Corpus hópurinn var lögstjóðandi í verkið í útboði. Einnig undirrituðu samninginn Grímur M. Jónasson frá VSÓ ráðgjöf fyrir hönd Corpus hópsins. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans vottuðu samninginn. Áætluð heildarstærð meðferðarkjarnans er um 58.500 fermetrar. Byggingin verður á sex hæðum neðan götu og fimm hæðum ofan götu. Hún mun rísa á lóð Landspítalans við Hringbraut. Meðferðarkjarninn mun tengjast öðrum byggingum á Landspítalalóðinni.

Fjölbýlishús við Grettisgötu

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með sjö íbúðum, steinsteypt, einangrað að utan, múrað og flísalagt að hluta á lóð nr. 4 við Grettisgötu. Stærð A-rýmis er 607,1 fermetri. Stærð B-rýmis er 49,8 fermetrar og stærð C-rýmis er 19,8 fermetrar.

Kjallari við Haðarstíg

Samþykkt hefur verið leyfi fyrir áður gerðum breytingum við Haðarstíg 8. Þær eru að lækka gólf í kjallara hússins. Stækkun sem af því leiðir nemur 11,2 rúmmetrum.

Kjallaraíbúð við Nesveg

Samþykki hefur verið íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 41 við Nesveg.

Stækkun kvistíbúðar við Sólvallagötu

Sótt hefur verið um leyfi til að stækka kvist og gera svalir á norðurhlíð rishæðar fjölbýlishúss á lóð nr. 41 við Sólvallagötu er stækka myndu íbúðina um 14 rúmmetrar.

Vilja dekkjakurlið burt

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Íþrótt- og tólmstundaráði Reykjavíkur lögðu á fundi nú í vikunni fram fram tillögu sem varðar m.a. gervigrasvöll KR. Í tillögunni segir að Íþrótt- og tólmstundaráð skori á borgarráð og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar að samþykkja fjárveitingu til endurbóta á þeim gervigrasvöllum í borginni, sem eru með dekkjakurl á yfirborði, og setja þess í stað viðurkennt gæðagras og gúmmí, sem stenst ýrtruðu heilbrigðis- og umhverfiskröfur. Afgreiðslu tillögunnar var frestað til næsta fundar ráðsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu einnig fyrirspurn þar sem óskað er eftir afhendingu á öllum rannsóknunum, skýrslum, minnisblöðum og öðrum gögnum, sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar varðandi notkun dekkjakurls á gervigrasvöllum.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SIÐAN 1996
Vaktasímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Vesturbærinn er gott samfélag

Melaskóli mun fylla sjö áratuga starf á næsta ári. Um 660 börn stunda nú nám í skólanum í 29 deildum. Sérstaða skólans felst einkum í aldri hans og starfstíma í gegnum árganga og kynslóðir, námsskrár og kennsluhætti. Skólahúsið var byggt 1946 rétt eftir heimsstyrjöldina síðari og ljóst þegar gengið er þar um ganga og sali að vel hefur verið vandað til allra verka og alúð lögð við að byggja vandaða umgjörð til þess fallna að laða fram það góða sem býr í börnum. Margt hefur drifið á daga á starfstíma Melasóla og breyst í árunna rás. Stefna skólans hefur þó alltaf byggst á framsækni – að vera framsækinn skóli sem tileinkar sér nýjungar sem fram koma á hverjum tíma. Nú á haustnóttum er lestrarkunnátta til umræðu eftir að ljóst hafði orðið að hluti ungmenna sem kominn er á framhaldsskóla aldur einkum drengir geta ekki lesið sér til gagns. Í stað þess að elta fortíðina og leita sökudóla um hvað geti verið að var ákveðið að efna til þjóðarátsaks til styrktar lestri sem ríki og sveitarfélög rekstraraðilar grunnskólans taka þátt í auk skólanna sjálfra. Vesturbæjarblaðið hittir Dagnýju Annasdóttur kennara og talmainafræðing og skólastjóra Melaskóla að máli á dögunum.

Dagný leggur í upphafi samtals áherslu á stefnu skólans um framsækni – segir að Melaskóli sé framsækinn skóli sem starfi í einu af grónari hverfum Reykjavíkur. „Við vinnum eftir þeirri reglu í skólastarfinu frá degi til dags að reyna að hlúa að því besta úr hefðum og umgengnisreglum sem hafa skapast í árunna rás og deila því með nýjungum. Við byggjum starfið á ákveðnum einkunnarorðum sem eru; virðing, samvinna, ábyrgð, sköpunargleði og framtíðarsýn. Þetta eru allt gildishlaðin hugtök sem vísa þann veg að öllum eigi að líða vel í skólanum ásamt því að ná hámarksárangri í námi við hæfi hvers og eins því engir tveir eru eins og öllum hentar ekki það sama hvorki í skóla eða í lífinu.“

Læsið er grunnþáttur menntunar

„Já – það er rétt. Í vetur munum við leggja áherslu á lestur vegna þess að læsið er einn af grunnþáttum menntunar og í ljósi þess fer þjóðarátakið nú fram. Við þurfum að leggja áherslu á námsmat og hvernig unnt er að mæla árangur nemenda. Námsmatið er stöðugt í endurskoðun með það fyrir augum hvernig við getum sem best mælt árangur nemenda. Annað sem við leggjum áherslu á er stærðfræði og síðan teymiseða samvinna kennara. Þá get ég nefnt að í Melaskóla er búið að vinna gott starf við að rækta grænt svæði innan skólalóðarinnar og planta trjám þar sem nú er komin ágæt aðstaða fyrir útikennslu. Os svo vinnum við eftir Olveusaráætluninni um einelti. Sú vinna hefur gefist okkur vel. Við reynum að taka strax á slíkum málum komi þau upp. Við höfum lagt mikla vinnu í það starf og sem betur fer reynist einelti mjög lítið hjá okkur.“

Höfum getað endurnýjað tæki og búnað

Talið berst að starfi og ábyrgð skólastjórans sem Dagný segir öðrum þræði snúast um rekstur. „Skólastjórinn ber fjárhagslega ábyrgð á skólanum. Hann þarf að vinna fjárhagsáætlun sem unnið er eftir og segja má að hann sé einnig skólagjaldkeri vegna þess að hann þarf að skrifa upp á reikningana eins og um fyrirtæki væri að ræða. Skólastjórinn þarf á hverjum tíma að vita hvaða borð er fyrir báru í rekstrinum. Hvað hægt er að veita sér og gera starfinu á hverjum tíma. Kaupa inn búnað og annað sem skólinn þarfnast. Annað er að annast mannaráðningar. Hér eru um átta tugir starfsfólks. Skólastjórinn sér um að auglýsa laus störf og kalla fólk í viðtöl sem sýnir þeim áhuga. Einnig þarf að skoða þann tíma sem skólinn hefur til umráða og finna út hvernig hans nýtist auk þess að samræma vinnutíma kennara eftir nýjum kjarasamningum því allt gengur þetta út á að

Í vetur munum við leggja áherslu á lestur vegna þess að læsið er einn af grunnþáttum menntunar og í ljósi þess fer þjóðarátakið nú fram. Við þurfum að leggja áherslu á námsmat og hvernig unnt er að mæla árangur nemenda.

sýna ábyrga fjármálastjórn. En einkum snýr starfið þó að hinu faglega skólahlaldi í samræmi við lög og reglur um grunnskóla og huga að og halda utan um mannauðinn sem er starfandi innan veggja skólans – starfsmenn og nemendur. Það þarf að finna sterkar hliðar starfsfólksins og reyna að virkja þær eftir bestu getu. Auk sögunnar og mannauðsins sem hér er til ataðar þá höfum við getað endurnýjað mikið af tækjum og búnaði sem kemur okkur til góða. Við höfum náð að halda nokkuð vel í við tæknina eftir því sem það er hægt – búið að fá skjávarpa og ípoda og annað sem nú heldur innreið í nútíma skólastarf.“

Öflugt fagfólk og sterkt bakland

Dagný segir Melasóla í þeirri góðu stöðu að eiga sér mjög öflugt og sterkt fagfólk sem búi að góðri menntun og reynslu og eigi sér einnig hugsjón til þess að starfa eftir og metnað til þess að byggja upp góðan skóla og öflugt lærdómssamfélag. „Þá held ég að við eigum að baki okkur gott foreldrastarf. Við erum með skólaráð þar sem tveir fulltrúar foreldra eiga sæti og ég held að þegar þessu þríhyrningur; starfsmenn, nemendur og foreldrar starfa



Dagný Annasdóttir skólastjóri í Melaskóla.

saman náum við fram góðu og árangursríku skólastarfi.“ Dagný segir skóladvölinu í Melaskóla oft ganga í ættir. „Við erum með börn sem eiga foreldra og jafnvel afa og ömmur sem hafa gengið í Melaskóla og eiga góðar minningar þaðan. Það skapar ákveðna virðingu um skólann og það er mikilvægt fyrir börnin ekki síður en skólann að talað sé vel um hann í áheyrn þeirra og borin virðing fyrir honum vegna þess að hann sé hlýlegur vinnustaður. Við finnum þetta hér í skólastarfinu.“

Finn fyrir hlýlegum bæjarbrag í Vesturbænum

Dagný er Vestfirðingur. Fædd og alin upp á Ísafirði þar sem hún gekk í menntaskóla. Fyrst hjá Jóni Baldvin Hannibalssyni og Bryndísi Schram og síðar Birni Teitssyni frá Brún í Reykjadal sem tók við af þeim fyrir vestan. Hún segir að margir hafi staldrað við eftirnafn sitt Annasdóttir og spurt hvað það merki. Hún segir sögu að baki þess. „Faðir minn hér Annas J. Kristmundsson og var stýrimaður á Ísafirði. Nafnið er þannig tilkomið að móðir hans hét Anna Jónsdóttir frá Ósi í Steingrímsfirði og lést hún af barnsförum þegar faðir minn fæddist. Ákveðið var að skýra föður minn í höfuðið á látinni móður sinni og þá fóru af

stað vangaveltur um hvernig hægt væri að skrifa Ömmu nafnið í karlkyni. Niðurstaðan varð Annas en það beygist eins og Jónas sem er dregið af Jóns nafninu með því að as er bætt aftan við. Jónas er algengt nafn á Íslandi en Annas nafnið hefur ekki náð útbreiðslu.“ Dagný segir það hafa verið hlýlegt að alast upp í litlum bæ úti á landi eins og Ísafirði. Fólk þekktist og var umhugað um hvort annað. Það hittist á götuhornunum og spurði um líðan hvers annars og var jafnvel umhugað um að líta hvert til annars. Fólk notar facebookina í dag. Það skiptist á sjónarmiðum, upplýsingum og hugsar vel hvort til annars. Ég er þeirrar trúar að sú tækni styrki og treysti samskiptin og böndin á milli fólks. Þegar ég kom í Vesturbæinn fannst mér ég finna fyrir þessum hlýlega bæjarbrag sem einkenndi Ísafjörð þegar ég var að alast þar upp. Maður tengist fólkinu líka í gegnum skólastarfið vegna þess að skólinn er hjarta hvers samfélags. Svo margir tengjast honum á einhvern hátt. Fólk á börn, barnabörn, frænda eða frænkur í skólanum og allir hafa einhverja skoðun á skólanum og skólastarfinu. Vesturbærinn er að mínu mati þétt og gott samfélag þar sem samfélagskennd íbúanna fær að njóta sín.“

Gólfdukur

skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft

Forstofan
einfaldara verður það ekki

Stofan
alltaf jafn heimilislegt

Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti

Heimilisdukur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfduk og teppi

KJARAN
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Vantaði skilti á sumarbústaðinn

„Mig vantaði skilti á sumarbústaðinn og þá var um að gera að vinna það sjálf,“ sagði Unnur A. Jónsdóttir þegar tíðindamaður Vesturbæjarblaðsins staldraði við hjá hóp sem stundar útskurð í félagsmiðstöðinni á Aflagrandi á mánudögum. Hann er annar hópurinn af tveimur sem fást við listsköpun og handverk af því tagi í félagsstarfinu. Hinn hópurinn kemur saman á miðvikudögum. Það er Lúðvík Einarsson sem hefur umsjón með hópunum og aðstoðar og kennir þeim sem vilja leggja fyrir sig að skapa myndir í tré.

Lúðvík kveðst hafa byrjað á að stunda útskurð fyrir um áratug og svo hafið leiðin legið til þess að gerast leiðbeinandi. „Þau eru að vinna allskonar hluti. Skera út bretti og hillur, gafla og lok á kassa, gestabækur og jafnvel umgjardir um klukkur. Það væri jafnvel auðveldara að nefna það sem ekki er tekið fyrir hendur hér á útskurðarboðinu,“ segir Lúðvík. Áhuginn fer vaxandi á útskurðinum og nú eru á bilinu átta til tíu manns í hvorum hóp. Konur eru farnar að sinna þessu talsvert til jafns við karlana eins og þátttaka Unnar A. Jónsdóttur og Sólveigar Jónsdóttur sem sitja með útskurðarhnífa í hönd við borðið hjá Lúðvík. Hóparnir hittast upp úr hádeginu og starfa og skrafa saman fram um klukkna fjögur. Skrafa vegna þess að þau segja að þótt gaman sé að sinna þessu áhugamáli þá sé ekki



Sólveig Jónsdóttir, Lúðvík Einarsson, Ulrich Schmidhauser. Hilmar Bergsteinsson, Hrafnkell Ársælsson, Páll Fransson og Unnur A. Jónsdóttir við útskurðarborðið í félagsstarfinu á Aflagrandi.

síður ánægjulegt að koma saman og ræða málin en að vinna í höndunum. „Já – það geta skapast fjörugar umræður hér sérstaklega yfir kaffinu,“ segir Lúðvík og bætir við að félagsskapurinn skipti miklu máli. „Þetta getur verið eins og í heita pottinum,“ bætir Unnur við. Flestir þeirra sem eru að sinna þessu í dag er fólk sem komið á það sem kallað er eftirlaunaaldur en útskurðurinn er eins og allt annað í félagsstarfinu á Aflagrandi opið öllu fólki og á öllum aldri. Þær Unnur og Sólveig segjast aðspurðar tæpast þurfa að kaupa gjafir. Þær geti allt eins búið þær til sjálfar og skemmta sér

greininga yfir þessari athugasemd eða spurningu aðkomumanns. Þau segja að áhuginn á tréskurðinum smiti svolítið út frá sér. Fólk frétti af þessu hjá öðrum sem búnir séu að vera með og hafi áhuga á að reyna. En geta allir skorið út. „Ég held að flestir geti tileinkað sér handabrogðin við þetta. Fyrst þarf að að læra og nota verkfærin og hvernig best er að beita þeim. Við byrjum oftast á einföldum hlutum en förum svo yfir í flóknari smíði og því æfingin kemur í framhaldinu,“ segir Lúðvík. „Fólk hefur auðvitað ýmis áhugamál og tilfinningar fyrir því hvað það langar að

gera og þá er bara að láta reyna á það.“ Ástæða er til þess að brýna fyrir fólki að í útskurðinum geti falist bæði skemmtilegt og listrænt viðfangsefni og að félagsskapurinn skemmi ekki fyrir. Ekki þurfi að óttast að smíðir skyggi á aðra þátttakendur. Í dag eru engir smíðir að fást við útskurðinn á Aflagrandi en auðvitað eru þeir velkomnir ekkert síður en aðrir enda eigi

vinnubrögð við útskurðinn fátt eitt sameiginlegt með hefðbundnum smíðum nema ef til vill að halda á hamri. Aldrei verður brýnt um of fyrir fólki að nýta sér félagsstarfið og minna á að það stendur öllum opið og er alls ekki sniðið sérstaklega að óskum eða þörfum þeirra sem geta talið sig heldri borgara með réttu.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



ÆVINTÝRALEGIR VIÐBURÐIR

Við hjálpum þér að skipuleggja þinn viðburð og gera hann einstakan. Við erum með fullt af hugmyndum sem gætu passað þér. Vertu í bandi.



Töfrandi „Twenties“

Vissir þú að Louis Armstrong gisti á Hótel Sögu? Er þá ekki tilvalið að endurlífga þriðja áratuginn á hótelinu þar sem djasstjarnan sjálf gerði sig heimakomna? Farðu í bestu dansskána og við munum sýna þér hvað lífið á þriðja áratugnum snerist um!

Radisson **BLU**
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Útikennsla í Vesturbæjarskóla

Enskukennsla er í fullum gangi í grunnskólum Reykjavíkur. Í Vesturbæjarskólanum fór 4. bekkur í útikennslu í ensku þar sem kennsluefnið var Atlandshafið. Þá komu þær Þorbjörg og Sunna Björk frá Borgarbókasafninu og kynntu enskar bækur



Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Hafnargarðururinn yngir en talið var

Hafnargarðururinn sem kom í ljós þegar grafið var fyrir byggingarframkvæmdum á bílastæðinu við Tollhúsið í Reykjavík í sumar var byggður árið 1928 en ekki á árunum 1913 til 1917 eins og áður var talið. Á myndum sem teknar voru 1928 sést þegar verið er að reisa hann. Hann telst því ekki til fornminja aldurslega séð. Engu að síður ákvað Minjastofnun að skyndifriða garðinn sem er í gildi í allt að sex vikur eftir ákvörðunina.

Á vef Minjastofnunar segir að skyndifriðunin hafi verið ákveðin til að tryggja að minjunum verði ekki spillt. Stofnunin vinni nú að gerð tillögu til forsætisráðherra um hvort ástæða sé til að friðlýsa hafnargarðinn en forsætisráðherra skrifaði á vefsíðu sína í lok ágúst að fornleifarnar í Lækjargötu yrðu friðaðar sem og hafnargarðururinn við hinn enda götunnar. Reykjavíkurborg mótmælti skyndifriðuninni harðlega og telur sig ekki hafa fengið tækifæri til að koma sinni hlið á málinu að. S. Björn Blöndal formaður borgarráðs lét þau sjónarmið í ljósi af því tilefni hvers vegna gildi garðsins sé metið svo mikils að þurfi að skyndifriða hann á meðan annað eins og landnámsskálinn í Lækjargötu sé ekki talinn jafn mikilvægur. Verði garðururinn friðaður til frambúðar mun það hafa aukin byggingarkostnað í för með sér auk þess að tefja framkvæmdir. Formaður borgarráðs telur að borgin muni gefa sér að sá kostnaðarauki sem af verður verði friðuninni haldið til streitu muni falla á ríkissjóð.



Hafnargarðururinn sem kom úr djúpi moldar þegar farið var að grafa fyrir nýju verslunar- og athafnahúsi norðan við Tollhúsið í Reykjavík.



Á þessari mynd sem tekin var 26. maí 1929 sést hafnargarðururinn greinilega. Myndina tók Jóhannes Guðmundsson gullsmiður og var tilefni hennar sjósetning fyrsta björgunarbáts Slysavarnafélags Íslands.

ÚTAFARSTOEFA

KIRKJUGARÐANNA

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti
þjónustunnar með virðingu
og umhyggju að leiðarljósi

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Þorsteinn Elisson
útfararþjónusta

Snævar Jón Andrésson
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir
útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir
lögfræðipjónusta

Gestur Hreinsson
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

2013

Fremst árangur

Í fyrsta

Eggs Benný
Morgunmatur,,inn"
Önd og vaffla
Súrdeigs „toast” og serrano
French toast
Pönnukökur og ber
Ekta belgísk vaffla ...
... og margt fleira

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

HELGAR REMEDÍAN

BRUNCH

SUNNUDAGA FRÁ 12–14

APOTEK

KITCHEN+BAR

Austurstræti 16 // Sími 551 0011 // apotek.is

Græðgisvæðingin á eftir að koma í bakið á okkur

Ferðamönnum hefur fjölgað um liðlega 23% milli ára og hefur hún ekki mælst svo há milli ára frá því Ferðamálastofa hóf talningar. Ferðamönnum hefur fjölgað alla mánuði ársins á milli ára eða 34,5% í janúar, 34,4% í febrúar, 26,8% í mars, 20,9% í apríl, 36,4% í maí, 24,2% í júní og 25,0% í júlí samkvæmt talningu Ferðamálastofu. Ýmir Björgvin Arthúrsson hefur unnið að ferðamálum um skeið og segir að við verðum að fara að gæta okkar eigi ekki að fara illa. Þessi stanslaus fjölgun geti ekki endað með öðrum hætti en að eftirsóttir ferðamannastaðir og jafnvel önnur landsvæði spillist verulega vegna átroðnings verði ekkert að gert og vel geti orðið um óafturkræfar skemmdir að ræða. Einnig verði að huga að því hvaða ferðamenn við viljum helst fá hingað. Þótt ekki verði farið í manngreiningarálit verði að leggja áherslu á að fá hingað fólk sem skilur eitthvað eftir – fólk sem kaupir þjónustu hér og styrkir ferðaþjónustuna sem atvinnugrein.

Ýmir kveðst telja að við megum engan tíma missa ef eigum við ekki að renna á rassinn með þessa ört vaxandi atvinnugrein. „Ferðaþjónustan gengur fyrst og fremst út á sjálfbærni og ef við missum tókin að því leyti verður tæpast aftur snúið. Ég veit að ýmsar áætlanir hafa verið unnar, misgóðar eins og gengur en okkur vantar eftirfylgni. Hið opinbera er ekki að sinna þessu sem skyldi og fregnir af því að fé sé til í sjóði til þess að styrkja vinsæla ferðamannastaði en ekkert gert af því að engir virðast til þess að vinna verkin lofa ekki góðu.“ Ýmir segir að of hraður vöxtur sé langtum verri en engin vöxtur. Veruleg hætta sé fyrir hendi að allt hrynji að lokum. „Að fá fjármuni inn í greinna hefur ekkert að segja ef alla stjórnun vantar.“

Tekjur af skemmti-ferðaskipum ofmetnar

Ýmir bendir á að flugvellirnir og hafnirnar séu þær dyr sem ferðamenn fara í gegnum inn í landið og að við séum dyraaverðirnir sem eigum að framfylgja þeirri stefnu sem á að liggja fyrir. „En eftir því sem ég kemst næst er ekki annað að heyra en að hafnirnar og Isavia horfi einungis á



Ýmir Björgvin Arthúrsson ásamt Hrefnu Ósk Benediktsdóttur eiginkonu sinni fyrir utan heimili þeirra í Grjótaþorpinu í Reykjavík.

hámarkshagnað. Mér finnst einnig ákveðið stefnuleysi ríkja í komu skemmtiferðaskipa. Fyrst og fremst virðist horft til þess að fá fleiri og fleiri skip og hærri greiðslur í hafnarsjóðina í formi hafnargjalda en ekki spurt nægilega vel um hvað þessar skipakomur skilja eftir sig. Stór hluti fólksins fer í land. Fer ef til vill upp í rútur og því er ekið til staða sem hafa einhverja sérstöðu. Að Gullfossi og Geysi eða að Mývatni fyrir norðan svo dæmi um fjölfarna staði séu tekin en svo má spyrja hvað þetta fólk kaupir. Það nýtur fæðis og annarrar þjónustu um borð í skipunum. Það kaupir far með ferðamannarútunum og hugsanlega einhverja lunda eða aðra minjagripi. Annað ekki. Ég tel að tekjur af komum skemmtiferðaskipa séu ofmetnar þegar hafnargjöldin eru dregin frá.“

Nauðsynlegt að fá fleiri ráðstefnugesti og efnaða ferðamenn

Ýmir leiðir talið að Icelandair og segir ljóst að stjórnendur þess séu fyllilega meðvitaðir um þá þróun sem eigi sér stað. Þar fari fyrirtæki með skýra stefnu og sé að auka við

kökuna til dæmis með því að fá hingað fólk til ráðstefnuhalds. „Fólk sem kemur hingað til þess að taka þátt í ráðstefnum skilur oft mun meira eftir sig en margir aðrir. Oft sé um að ræða fólk sem nýtur fjármuna eða greiðslna frá atvinnurekendum sínum eða fyrirtækjum og stofnunum erlendis og hafi því meiri farareyri á milli handa en þeir sem eingöngu eru á eigin vegum auk þess sem slíkar ferðir komi Íslandi smám saman betur og betur á kortið í fyrirtækjaheiminum.“ Ýmir hefur verið að skipuleggja svona „gourmet“ ferðir – ferðir fyrir fólk sem vill njóta þess sem fyrir ber, hafa það gott og er tilbúið að greiða fyrir þá þjónustu og þann viðurgjörning sem það kaupir. „Ég tel tvímálalaust að við eigum að fjölga slíkum ferðamönnum – þeim sem stundum eru kallaðir efnaðri ferðamenn. Með því er ég ekki að segja að úthýsa eigi öðrum. Við verðum að leggja áherslu á alla breiddina en ef fjölgunin verður áfram með sama hraða og verið hefur verðum við að skapa okkur stefnu og beita einhvers konar stýringu bæði er varðar notkun á vinsælum ferðamannastöðum og einnig hvað fólk er að kaupa á ferðum sínum hingað.“



Þótt Hornbjarg sé hvorki við Gullna hringinn eða Mývatn er það eitt af náttúurfyrirbærum hér á landi sem vekja athygli ferðamanna. Vestfirðir eru í sókn í ferðaþjónustunni en aðgátar er þörf á viðkvæmum svæðum þar eins og annarsstaðar. Mynd Gisli Halldór Halldórsson.

Nauðsynlegt að móta aðgerðarðaráætlun

Ýmir segir að ferðaþjónustan komi inn á flest svið atvinnulífsins. Hún taki nánast á öllu. „Hún snertir ekki bara fjölda fólks heldur flestar aðrar atvinnugreinar með einhverju móti. Því er mikilvægt að við mótum aðgerðaráætlun til þess að vinna eftir. Ég tel að setja verði eitthvert þak á ferðaþjónustuna og fjölda þeirra ferðamanna sem hingað koma. Einnig þarf að skipuleggja fjölda ferðamanna eftir árstíðum vegna þess að þolið er mismikið og þá er ég bæði að tala um náttúruna og fólkið.“ Ýmir nefnir lönd á borð við Butan og Galapagoseyjar sem eru vinsæl ferðamannalönd og á hvern hátt þau hafa þróað stjórnun á atvinnugreininni. Þar er megináhersla á sjálfbærni og ósnortna náttúru sem er nokkuð sem við verðum að gera. Flestir

ferðamenn koma hingað vegna náttúrunnar og þeirrar sérstöðu sem við höfum að bjóða. En til þess að geta rekið ferðaþjónustu á þeim grunni verður við að varðveita byggðirnar. Mannfólkið er hluti af því sem ferðamenn vilja sjá, hitta og spjalla við. Vita hvernig fólkið lifir í landinu. Ég hef orðið var við þennan áhuga hjá fólki sem ég hef farið með um landið. Við verðum að horfa á alla heildina, náttúruna, mannfólkið og samfélagið. Fólk vill sjá og hitta fyrir eðlilegt mannlíf en ekki einhvern Disneyheim. Við verðum að leggja áherslu á þessa þætti vegna þess að í þeim felst auðlindin. Þetta er eins og með aðra atvinnuvegi og við þekkjum vel úr sjávarútvegi. Ofveiði leiðir til hruns. Ef við ætlum að ganga á þessa auðlind vegna gegndarlausrar græðgisvæðingar þá mun hún þorna,“ segir Ýmir Björgvin Arthúrsson.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Opin kirkja í Vesturbænum

Geymið síðuna!

www.neskirkja.is

Í Neskirkju er unnið eftir þeirri hugsjón að kirkjan eigi að vera staður fyrir fólk sem vill leggja sitt af mörkum til betra samfélags. Safnaðarstarfið einkennist af samtali þar sem jafningjar koma saman og skoðanir eru ekki dæmdar úr leik. Í þeim anda hefur æskulýðsfélag kirkjunnar, NeDó, starfað með samtökum á borð við New Horizon þar sem rætt er um, hvernig trúarhópar geta unnið að friði og bættu mannlífi. Fulltrúi annarra trúfélaga hefur farið með bænir í messu og samstarf er við prest innflytjenda, Toshiki Toma.

Í hverjum mánuði efnum við til samtals á Kirkjutorgi þar sem hugsjónin um þjónandi forystu er til umfjöllunar. Með henni er auðmýkt þjónustunnar fléttuð saman við skýra sýn leiðtogans sem vill hafa áhrif til góðs. Námskeiðið, Hvað er kristin trú? byggir á sömu hugmynd þar sem fólk snæðir saman og ræðir margvíslegar hliðar þessarar stóru spurningar.

Neskirkja er opin kirkja í Vesturbænum og einkennist starfsemi hennar af víðsýni og frjálslyndi.

Safnaðarstarfið er fyrir alla aldurshópa. Helgihaldið er litríkt og tónlistin er í senn fjölbreytt og trú hinni kirkjulegu hefð. Æskulýðsstarfið er öflugt og þjónustan við eldri borgara byggir á traustum grunni.

Kórastarf

Kirkjukórinn kemur saman á miðvikudögum kl. 19. Kórinn syngur í messum og heldur tónleika reglulega yfir árið.

Stúlnakórinn æfir á þriðjudögum kl. 14.30. Kórinn er fyrir stúlkur í 6. til 10. bekk.

Hljómur, Kór eldri borgara æfir á mánudögum kl. 14.

Barnakórarnir eru tveir. Yngri hópurinn er skipaður börnum í 2. og 3. bekk og æfir á fimmtudögum kl. 13:50. Eldri kórinn er fyrir börn í 4. og 5. bekk. Hann æfir á fimmtudögum kl. 15:15.



Helgihald

Á hverjum sunnudegi allan ársins hring er messað kl. 11. Kórar kirkjunnar syngja og leiða safnaðarsöng. Að messu lokinni safnast fólk saman á Kirkjutorgi þar sem boðið er upp á léttar veitingar og samfélag.

Í hádeginu á miðvikudögum yfir vetrartímann er kyrrðarstund í kirkjunni. Þangað sækir fólk sem vill íhuga og hvíla hugann mitt í amstri vikunnar.



Æskulýðsstarf

Sunnudagaskólinn fer fram á messutíma allan veturinn. Þar er líf og fjör, söngur, sögur og gleði.

Starf fyrir börn í 1. og 2. bekk er á mánudögum og fyrir 3. og 4. bekk á miðvikudögum strax eftir skóla. Börn í Melaskóla eru sótt í skólann og skilað í frístundaheimili sé þess óskað.

Tíu Til Tólf ára starf fyrir börn í 5.-7. bekk, er á mánudögum kl. 14:40 - 15:30.

Æskulýðsstarfið, NeDó, kemur saman á hverjum þriðjudegi kl. 19:30. Starfið er fyrir unglinga, frá 8. bekk og eldri.

Námskeið og fyrirlestrar

Krossgötur, fara fram kl. 13:30 á miðvikudögum. Þær eru einkum ætlaðar eldri borgurum. Boðið er upp á erindi og kaffiveitingar.

Samtal á Kirkjutorgi er fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 17:00 og er þar fjallað um þjónandi forystu. Tilvalið er að koma við á Kirkjutorgi að loknum vinnudegi og taka þátt í gefandi samtali um leiðtogasýn sem er í senn nútímaleg og sígild.

Hvað er kristin trú? er námskeið sem haldið er sjö fimmtudagskvöld milli kl. 18 og 20. Boðið er upp á léttar veitingar, fræðslu og samtal.

Kaffihúsið á Kirkjutorgi er opið á milli kl. 10 og 16 alla virka daga. Í hádeginu má kaupa matarmikla heimalagaða súpu.



Sigríður Thorlacius, Svavar Knútur og kórar Neskirkju

Tónleikar í Neskirkju 1. október kl. 20.30

Aðgangseyrir kr. 2.000.

Miðar fást hjá kórfélögum og við inngang.



Fjölbýli við Framnesveg og Hringbraut verðlaunuð

Tvö fjölbýlishús á horni Framnesveg og Hringbrautar hlutu viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum í ágúst en Reykjavíkurborg verðlaunar vel heppnaðar endurbætur og fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölbýlishúsalóðir á hverju ári. Í miðborginni hlutu Grettisgata 3 og Mokka við Skólavörðustíg verðlaun.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur veitir viðurkenningarnar eftir ábendingar frá vinnuhópum. Viðurkenningarnar eru veittar fyrir fallegar lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja, fallega útiaðstöðu við sumargötur og vandaðar endurbætur á eldri húsum í Reykjavík árið 2015. Viðurkenningarnar hafa verið veittar um árabil með það að markmiði að hrósa fyrir vel viðhaldin hús, fallegt handbragð og snyrtilegar lóðir.



Falleg umgjörð eldra húss við Grettisgötu.



Endurbætur á þessum húsalengjum við Hringbraut og Framnesveg þykja einstaklega vel heppnaðar.



Einstaklega aðlaðandi aðkoma að Mokka við Skólavörðustíg en Mokka er elsta kaffihús í Reykjavík og hefur verið haldið óbreyttu frá upphafi.



Hörður Heiðar verkefnisstjóri, Sigprúður Erla framkvæmdastjóri og S. Björn Blöndal formaður borgarráðs.

Vesturgarður lýkur við fjórða græna skrefið

Þjónustumiðstöðin Vesturgarður hefur lokið fjórða græna skrefinu en þetta er fjórði vinnustaðurinn innan borgarinnar sem nær þessu markmiði.

Grænu skrefin ganga út á það að hugsa vel um umhverfið og að gera vinnustaðinn vistvænni, hvort sem það er að flokka rusl, nota vistvænni samgöngur, huga vel að notkun rafmagns eða annað.

Það voru þau Hrönn Hrafnadóttir verkefnastjóri grænu skrefanna og Björn Blöndal sem veittu Vesturgarði viðurkenninguna, en það voru þau Sigprúður Erla framkvæmdastjóri og Hörður Heiðar verkefnastjóri sem veittu viðurkenningunni móttöku. Vesturgarður skorar hér með á aðrar stofnanir og svið borgarinnar til að gera slíkt hið sama, þ.e. halda áfram að safna grænum skrefum.

www.borgarblod.is



Öll rúnstykki á

80

kr.

stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Þegar dimma tekur

...er mikilvægt að nota endurskin

Nú er haustið skolið á og á næstu mánuðum fer að dimma meira á kvöldin og um leið sjást gangandi og hjólandi vegfarendur ekki eins vel og þegar birtan er alls ráðandi. Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði kveðst vilja hvetja alla þá sem eru gangandi eða á hjólum að nota viðeigandi endurskin, þannig að koma megi frekar í veg fyrir að slys verði á fólki.

Hörður segir einnig mikilvægt að kenna yngstu börnunum umferðarreglurnar með því að fara með þeim yfir göturnar. „Það hefur sýnt sig að vettvangskennsla skilar langtímaárangri fyrir barnið og er því líklegra að barnið taki upp þá siði sem því er kennt af foreldrum/forráðamönnum. Til að veturinn 2015 til 2016 verði slysalaus er mikilvægt að við tökum höndum saman og þössum vel uppá hvort



Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði.

annað. Það mikilvægasta er að allir komist heilir heim,“ segir. Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði í samtali við Vesturbæjarblaðið.

Þórey opnaði sýningu í Gallerí Vest

Þórey Eypórsdóttir opnaði myndlistarsýningu í Gallerí Vest sl. laugardag. Á sýningunni kennir ýmissa grasa. Að hluta til mynda sem spanna nokkuð feril hennar í myndlistinni – einkum eftir að hún hóf að mála jafnhliða vefnaði og textíl. En hún sýnir nú einnig á sér nýlegri hlið í olíu málverkum, akrilverkum, vatnslitamyndum og einþrykksmyndum.

Sýningin er um margt forvitnileg. Segir sögu af einlægum áhuga á sköpun myndlistar sem orðið hefur að veruleika með fram öðrum viðfangsefnum en Þórey hefur alla tíð fengist við önnur störf - einkum þeim sem tengjast sérgreinum hennar í talmeinafræði og sálfræði. Þá hefur hún einnig stundað listmiðlun, rekstur gallerís á Akureyri um skeið og nú Gallerí Vest á Hagamelnum. Þórey hefur starfað jöfnum höndum í Noregi og á Íslandi. Í Bergen á fyrri árum og um tíma í Hof á Vestfold. Þar hélt hún myndlistarsýningu fyrir nokkrum árum og skrifaði þá listgagnrýnandi eftirfarandi um sýnguna. “Fargerike billedvever mettet med symbolikk pryder vegger og søyler i Hofs nye folkebibliotek. Og kunsteren bak er kommunens egen PP-rådgiver, Thorey Eythorsdottir” sem hljómar í lauslegum snúningi. „Litríkur og tákrænn myndvefnaður prýðir nú vegg og súlur hins nýja almenningsbókasafns í Hof og listamaðurinn að baki sýningarinnar er sálfræðiráðgjafi sveitarfélagsins Þórey Eypórsdóttir. Þórey rekur nú ásamt eiginmanni sínum Kristjáni Baldurssyni Gallerí Vest við Hagamel 67 þar sem hún er með vinnustöð fyrir



Þórey og Kristján fyrir utan Gallerí Vest á Hagamel 67.

vefnað og textíl auk aðstöðu til þess að mála en Kristján kennir Kundalini Yoga í sýningarsal gallerísins. Þórey sagði í samtali við Vesturbæjarblaðið að þótt

þau Kristján teljist bæti komin af því létta þá sé viljinn til að njóta lífsins ávallt til staðar og ekki verra ef aðrir vilja njóta þess með þeim.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Fjáröflunarvörur

fyrir einstaklinga og hópa

Svansmerktur hágæða hreinlætispappír frá KATRIN.



KATRIN®

Pantanir og nánari upplýsingar: fjaroflun@garri.is - sími 5 700 300



Katrin Plus WC pappír
- BESTUR

42 rúllur af mjúkum hágæðapappír,
50 metrar á rúllu.



Katrin Classic WC pappír
- BETRI

42 rúllur af hvítum gæðapappír,
50 metrar á rúllu.

Ýmsar aðrar fjáröflunarvörur í boði

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

www.garri.is
5 700 300

BESTA



Borgarbókasafnið Menningarhús í Grófinni:

Söguhringur kvenna í september til desember

Söguhringurinn hittist fyrsta sunnudag í mánuði í september til maí í Borgarbókasafninu, menningarhúsi Grófinni, Tryggvagötu 15. Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna og er markmið hans að skapa vettvang þar sem konur skiptast á sögum, persónulegum eða bókmenntalegum.

Söguhringurinn er ætlaður konum sem hafa áhuga á frjálslegri samveru sem byggir meðal annars á því að konur deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum. Í söguhringnum gefst konum af erlendum uppruna einnig tækifæri til að tjá sig á íslensku, æfa tungumálið og fræðast um íslenska menningu, bókmenntir og siði. Á meðal þess sem í boði verður á haustdögum fram til áramóta má nefna ömmur og hvort þær séu eins eins alls staðar í heiminum. Hvað hefur amma þín fært þér sem þú hefur tekið með þér áfram út í lífið. Þar geta áhugasamar



Glatt á hjalla hjá Söguhring kvenna í Borgarbókasafninu.

konur tekið með sér minningar, sögur, eitthvað matarkyns eða annað sem þær tengja við ömmu sína og vilja veita öðrum hlutdeild í. Handverkssmiðja verður síðan í boði. Þar verður áhersla lögð á tengingar við persónulegar sögur, minningar og upplifun í skólistaverki sem hópurninn skapar í sameiningu undir leiðsögn Bryndísar G.

Björgvinsdóttur textilkennara. Í desember verður síðan jólasþjall í boði þar sem konum er boðið að koma saman og eiga notalega stund í erli desembermánaðar. Þar verða rifjaðar upp góðar minningar þar sem konur segja hvor annarri frá jólahefðum sem þær þekkja eða hafa kynnst á ferðalögum um heiminn.

Síðustu forvöð að sækja um Hverfisráðsstyrki

Síðustu forvöð eru að sækja um styrki til Hverfisráðs Vesturbæjar en ráðið hefur auglýst eftir áhugasömum einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins. Hverfisráðið mun úthluta að hámarki 200 þúsund krónum þann 1. nóvember nk. Umsóknum skal skilað fyrir 1. okt. n.k. í rafrænu formi til Harðar Guðbjörnssonar verkefnastjóra í Vesturgarði á netfangið hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR

SPARE ORIGINAL PART

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Íslensk myndlist fyrir heimili og fyrirtæki leigðu og eigðu listaverk



Í Artóteki Borgarbókasafnsins eru listaverk eftir félagsmenn í Sambandi Íslenskra myndlistarmanna til leigu og sölu.

Greiðsla er 1.000 til 10.000 kr. á mánuði. Listaverkin má leigja þar til þau eru að fullu greidd eða ljúka greiðslu fyrr og dregst þá frá áður greidd leiga. Listaverkin eru til sýnis á staðnum og upplýsingar og myndir á www.artotek.is.

Opið: Mán-fim 10-19, fös 11-18, lau-sun 13-17

ARTOTEK | Tryggvagötu 15
sími 411 6100
www.artotek.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GRÓFINNI

Ný verslun Grandagarði 31 verið velkomin

Tímalaus hönnun - kynslóð eftir kynslóð

Kökuhnífur með norðurljósa munstri

Sultuskeið með íslenskum steini

Vatnajökull - skál

Jens

Grandagarði 31 | Kringlunni | Smáralind | www.jens.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188



Mál manna er að vel hafi tekist til við endurbyggingu húsanna við Laugaveg 17 og 19.

Framhlið Laugavegar 17 og 19 frumsýnd

Framhlið Laugavegar 17 og 19 jafa tekið miklum breytingum sem komu í ljós þegar verkallar voru teknir niður fyrir nokkru. Við endurgerð húsanna var mikil áhersla lögð á að halda upprunalegu útliti þeirra og að viðhalda götumynd Laugavegarins sem mest í upprunalegri mynd.

Tíðindamaður gekk með Hjálmari Sveinssyni formann umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar niður Laugavegin fyrir nokkru og kvaðst Hjálmar afar ánægður með hvernig til hafi tekist. Framkvæmdaaðilar hafi kostað miklu til og lagt sál sína í verkið. „Þetta sýnir hvað hægt er að gera við að samræma nýbyggingar eldra umhverfi ef vilji er

fyrir hendi,“ segir Hjálmar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fjallaði um þetta mál í vikulegum pistli sínum skömmu eftir að verkallarnir hurfu. Hann segir að áður hafi staðið til að rífa húsinn en með endurskoðuðu skipulagi sem samþykkt var á síðasta kjörtímabili hafi verið ákveðið að endurgera þau í stað niðurrifs. Hann bendir á að húsið sem áður hýsti veitingastaðinn Indó-Kína og síðar Glætuna bókakaffi hafi verið hækkað um eina hæð og sett klassískt mansardþak á það. Á reitnum á bak við verður byggt torg og unnið er að byggingu Hilton Canopy hótels sem leggur áherslu á menningu og mannlíf. Ráðgert er að opna hótelið á næsta ári.

Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar

...námskeið fyrir foreldra í Safnaðarheimili Neskirkju

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður, í samstarfi við Heilsugæsluna í Reykjavík, Proska- og hegðunarstöð og Neskirkju ætla að standa fyrir því að námskeiðið verði aftur haldið í Vesturbæ. Samstarfsverkefnið er hluti af forvarnaráætlun Vesturbæjar. Stefnt er að því að halda námskeiðið tvisvar á vetri í safnaðarheimili Neskirkju og verður fyrsta námskeiðið í nóvember.

Á námskeiðinu er meðal annars farið í eftirfarandi þætti: Hvað hefur áhrif á hegðun barna? Hvernig lærist hegðun? Hvernig er hægt að kenna hegðun eða stjórna henni? Hvað er „góð“ hegðun og hvað „slæm“ hegðun? Hvernig má nota aga á jákvæðan hátt? Um árabil hafa foreldrar haft tækifæri til að sækja þetta námskeið hjá Proska- og hegðunarstöð í Mjóddinni í Reykjavík. Sumir foreldrar muna einnig eftir því þegar Helga Arnfríður Haraldsdóttir, sálfræðingur hélt þetta námskeið hér í Vesturbænum fyrir nokkrum árum.

Í frétt frá Vesturgarði er bent á að allir foreldrar takist á við ögrandi verkefni í uppeldi barna sinna. Í uppeldi barna er lagður grunnur að viðhorfum þeirra og gildismati, hegðun og framkomu. Það er því mikilvægt að vel takist til en „lengi býr að fyrstu gerð“



Safnaðarheimili Neskirkju.

eins og gamalt máltæki segir. Mikil þekking liggur fyrir um uppeldi barna - þekking sem er afrakstur áratuga rannsókna og skipulagðra tilrauna. Námskeiðið „Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar“ byggir á þessari þekkingu en það er sérstaklega þróað af dr. Gyðu Haraldsdóttur, sálfræðingi, fyrir íslenska foreldra og styðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Námskeiðið er ætlað foreldrum 0 til 6 ára barna og samanstendur af fjórum tveggja tíma kynningum. Námskeiðið byggir á bókinni Uppeldisbókin - að byggja færni til framtíðar. Skráning og frekari upplýsingar má fá í

Vesturgarði, í síma 411 1700 og á vesturgardur@reykjavik.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is



ORÐ ERU TIL ALLS FYRST!



ÞÍN AÐ EILÍFU!

MANDUKA er vörumerkið sem jógararnir velja. Taj Mahal jógaðýnanna. Alls 6 tegundir og fylgihlutir.



UPPBYGGJANDI FÆÐI!

Þeytingar, kaffi, skot, samlokur, grautar, súpur ofl. Allskonar hollari valkostir. Fæða fyrir þá sem vilja nærast inn að beini.



NÝTT Í SYSTRASAMLAGINU!

– MERGJUÐ MÖNTRUBÖND!

Orð eru til alls fyrst.



VIRIDIAN – 20% afsláttur til 3. okt.

Vítamín og bætiefni sem hafa sett nýjan gæðastaðal. Hrein. Án auka- og fylliefna. Vegan og virka.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

Fagmennskan er í fyrirrúmi

...en hláturinn skammt undan segir Laufey Birkisdóttir

Laufey Birkisdóttir hefur rekið snyrtistofuna Leila Boutique á Eiðistorgi í að verða tvö ár. Hún býður allar almennar snyrtimeðferðir með Clarins og förðun. „Ég er búin að taka inn nýverið sérhæfðar meðferðir, sem eru fræg húðmeðferð sem lýtalæknar hönnuðu og heitir Dermature og allar aðalstjörnurnar í Hollywood nota. Þessi meðferð kemur í staðinn fyrir botox eða samhliða þeim. Hún örvar collagenið á náttúrulegan hátt og teygjanleika húðarinnar ásamt því að vera góð hreinsun. Þá geri ég Nouveau Contour húðflúr á augabrúnir, augnlínu og varir og varanlega háreyðingu eða épilast,“ segir Laufey þegar Vesturbæjarblaðið leit við hjá henni á dögnum..

En hvað koma Laufeyju til þess að velja þessa leið í lífinu. Það á sér nokkra sögu. „Ég er frá Akureyri og ólst þar upp. Ég var svo heppinn að vera send að heiman til Englands til að læra ensku. Fjölskylda mín rak Amaró Akureyri og átti viðskipti víða um heim og fannst nauðsynlegt að kunna nokkur tungumál. Ég fór líka á viðskipta og tæknibraut í Englandi. Ég held að fáar stelpur hafi valið þá leið á þeim tíma og það var því algjör nýjung.“ En hvenær kom snyrtifræðin til. „Ég lærði snyrtifræði, förðun og nudd í Englandi í kjölfarið og tók CIDESCO alþjóðlegt próf sem er meistaraþróf í þeim fræðum. Þetta endaði með því að ég var erlendis um sex ár og vann einkum fyrir heilsuhæli og starfaði einnig við förðun í leikhúsi.

Þjó á Seltjarnarnesi og kynntist bænum vel

En Guerlain snyrtistofan. Hvernig kom hún til. „Hún kom þannig til að ég fór að vinna fyrir Guerlain í Englandi og lærði hjá þeim í París og síðan vann ég hjá þeim heima. Eftir það ákvað ég að setja upp Guerlain snyrtistofu og var svo heppin að hafa hana Francise. Ég rak Guerlain snyrtistofuna í níu ár.“ Þú hlýtur að hafa farðaða marga – bæði þekkta og óþekkta. Íslendinga og annarra þjóð fólk. „Já – ég hef gert það. Ég hef unnið fyrir tímarit, tiskusýningar fegurðarsamkeppnir og einnig fyrir kvikmyndir og leikhús.“ Svo ertu komin á Eiðistorgið. „Ég bjó á Seltjarnarnesi í um níu ár. Kynntist bænum vel og þykir vænt um hann. Mér liður mjög vel hér á torginu. Ég er með marga fasta viðskiptavini sem koma til mín. Ekki aðallega af Nesinu þótt Nesbúar komi líka. Þeir koma eiginlega allsstaðar að til mín og eyða hér stund og fá velliðan og fallegra útlit. Og aldurinn skiptir ekki máli. Viðskiptavinir mínir eru á eru á aldrinum frá 14 ára



Laufey Birkisdóttir á snyrtistofunni Leila Boutique á annarri hæðinni á Eiðistorgi.



„Ég reyni að gera mitt besta og gæta þess að hafa fagmennskuna í fyrirrúmi,“ segir Laufey sem hér er að störfum á snyrtistofunni.

upp í 96 ára. Þetta er gott fólk sem mér þykir vænt um. Ég reyni líka að gera mitt besta og gæta þess að hafa fagmennskuna í fyrirrúmi.“ Áhugamálín – eru þau tengd starfinu. „Já að hluta. Þau er starfið og fylgjast með tiskunni. Ég hef líka gaman af að hlæja, ég stunda líkamsrækt og sund, fer á skíði og er aðeins

farin að kynna mér golf – komin í smá golfkennslu. Og svo er það fjölskyldan. Ég er svo lánsöm að eiga tvö yndisleg börn og svo fékk að höndla hamingjuna á ný með Garðari Kjartanssyni sem tekur mér opnum örmum inn í líf sitt, fær mig til að hlæja og hvetur mig til dáða,“ segir Laufey Birkisdóttir.

Betra grenndargámakerfi

Þjónusta við grenndargáma á höfuðborgarsvæðinu er í útboði og er stefnt að því að nýtt og betra kerfi taki við í febrúar 2016. Breytingar verða á söfnunargámum frá 1. september og því mögulegar raskanir á þjónustu meðan verið er að skipta út gámum.

Nýtt grenndargámakerfi, sem tekur við í febrúar, byggir á stærri gámum og auknum flokkunarmöguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna. Á stærstu grenndarstöðvunum verður því hægt að flokka pappír, plastumbúðir, glerumbúðir, fót og klæði, dósir og flöskur. Fatagámar eru á vegum Rauða kross Íslands og dósasöfnun er í höndum Skátanna, en þessir gámar eru ekki á öllum grenndarstöðvum.

Söfnun á glerumbúðum á grenndarstöðvum er liður í að auka endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu en SORPA stefnir að því að ná yfir 95% endurnýtingarhlutfalli úrgangs frá heimilum á svæðinu á næstu árum.

Lömbin þagna



Lambafilé, salat, kartöflur og bernaiesósa hússins á 2.995 krónur.

Bike Cave
Einarsnesi 36 • 101 RVK
www.bikecave.is
Erum á Facebook
Símar 770-3113 og 666-6136



Selkórinn vill fá ÞIG í hópinn!

Selkórinn á Seltjarnarnesi leitar að nýjum röddum, einkum karlaröddum til að styrkja hópinn í vetur.

Kórinn er nýkominn úr vel heppnaðri söngferð frá Skotlandi og í vetur eru spennandi verkefni framundan.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Önnu Karlsdóttur formann á tölvupóstfangið annaka@xnet.is eða senda skilaboð í gegnum facebook síðu kórsins.



Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

www.borgarblod.is

Bókakaffi opnar í Úlfarsfelli

Nýtt bókakaffi mun líta dagsins ljós í Vesturbænum innan tíðar. Verslunin Úlfarsfell hefur skipt um eigendur og er ætlunin að opna bókakaffi í versluninni. Þegar er kominn vísir af kaffihúsi en ætlunin er að opna það formlega þegar það verður fullbúið.

Bókakaffi eða kaffihús í bókaverslunum hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi og njóta vaxandi vinsælda. Dæmi um það má nefna kaffihús Te og kaffi í nokkrum bóka- og ritfangaverslunum Eymundsson á miðbæjarsvæðinu. Ætlunin er að bókakaffið í Úlfarsfelli leggi einkum áherslu á vandaða kaffidrykki og meðlæti – kaffi og kökur eins og stundum er sagt en ekki á mat. Með bókakaffinu í Úlfarsfelli mun Vesturbæingum og öðrum bjóðast að tylla sér með góðan kaffibolla, líta í blöðin og skoða bækur auk þess sem hafa má tölvuna með sér og ferðast um Internetið eða sinna öðrum tölvuverkefnum. Ætlunin er að bókakaffið verði komið á fullan gang nú lok í september en önnur þjónusta sem verslunin hefur veitt í áratugi verður áfram á sínum stað. Ísbúð Vesturbæjar sem mjög margir þekkja allt frá því að Aðalsteinn Bjarnfreðsson stóð vaktina þar er við hliðina á Úlfarsfelli en Aníta Rut hinn nýi eigandi Úlfarsfells er barnabarn hans. Auk þess eru í húsinu á Hagamelshorninu Tailenskur „take away“ veitingastaður, blómaverslun og Galleri Vest.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

RIFF kvikmyndahátíðin hefst í dag

Barna- og fjölskyldudagskrá verður einn af aðalviðburðum RIFF kvikmyndahátíðarinnar sem hefst næst komandi laugardag. Barna og fjölskyldudagskráin mun standa yfir til mánudagsins 28. september en auk hennar mun kenna margra grasa á hátíðinni að vanda en hátíðin sjálf hefst í dag fimmtudaginn 26. september að venju síðasta fimmtudaginn í september og stendur í ellefu daga.

Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík - Kvikmyndahátíðin RIFF var stofnuð árið 2004 og hefur á fáum árum orðið að einum fjölsóttasta einstaka menningarviðburði landsins. Á síðasta ári sáu hátt í 30 þúsund áhorfendur myndir hátíðarinnar. Á undanförunum árum hafa yfir eitt þúsund kvikmyndir verið sýndar á hátíðinni, yfir eitt þúsund atvinnumenn úr kvikmyndabransanum sótt hátíðina.

Einn þekktasti leikstjóri Evrópu

Að þessu sinni kemur þýski leikstjórinn Margarethe von Trotta til landsins og verður heiðursgestur hátíðarinnar en hún er einn fremsti kvikmyndaleikstjóri Evrópu. Hún er brautryðjandi í kvikmyndaleikstjórn og einn af frumkvöðlunum sem stóðu að New German Cinema á sjöunda og áttunda áratugnum. Von Trotta hefur hlotið fjöldann allan af verðlaunum fyrir myndir sínar um allan heim. Á RIFF verða tvær af hennar frægustu myndum sýndar. Von Trotta hefur meðal annars skapað djúpar og fjölskrúðugar kvenpersónur og með þeim auðgað framsetningu kvenna í



Margarethe von Trotta verður gestur RIFF kvikmyndahátíðarinnar að þessu sinni.

kvikmyndum. Þann 30. september fær von Trotta heiðursverðlaun RIFF fyrir ævistarfið og framlag til kvikmynda sem afhend verða á Bessastöðum.

Sagnasveigur og Ófærð

Opnunarmyndin á RIFF í ár verður stórmyndin Tale of tales eða Sagnasveigur. Myndin fléttar saman þremur óvenjulegum ævintýrum. Í einu þeirra leikur Salma Hayek drottningu sem fórnar lífi eiginmanns síns sem leikinn er af John C. Reilly. Í öðru leikur Vincent Cassel konung sem er heillaður af tveimur leyndardómsfullum systrom. Ævintýrin eru öll stórbrotið sjónarspil þar sem myndlíkingar leika stórt hlutverk. Lokamynd hátíðarinnar verður síðan fyrstu tveir þættirnir af

þáttaröð Baltasars Kormáks og Reykjavík Studios, Ófærð. Beðið hefur verið af mikilli eftirvæntingu eftir þáttaröðinni, sem sýnd verður í kringum jólahátíðirnar á RÚV og seld hefur verið til fjölmargra landa. Ófærð er dýrasta íslenska sjónvarpsþáttaröð sem framleidd hefur verið og var tekin upp meðal annars í Reykjavík, Siglufirði og á Seyðisfirði.

Stelpur filma

Þess má geta að í tilefni að 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna heldur RIFF viku langt kvikmyndagerðarnámskeið fyrir stelpur í 8. og 9. bekk sem heitir Stelpur filma og er unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg. Á námskeiðinu verða færustu kvikmyndagerðakonur Íslands með fræðslu og kennslu og því um einstakt tækifæri fyrir grunnskólastelpur að læra af þeim bestu. Afrakstur námskeiðsins verða stuttmyndir unnar af stelpunum sjálfum sem verða á RIFF.

Tónlist úr myndum Woody Allen

Þá má að lokum geta þess að Jazzkvintettinn Bananar mun leika lög úr mörgum myndum Woody Allen og leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir fara í gegnum kvikmyndasögu leikstjórans á lifandi hátt á tónleikum í Salnum í Kópavogi. Kvikmyndir Woody Allen sem eru mörgum hugfangnar og snerta marga sem hafa áhuga á hinum margflóknu brestum mannsins og mannlegum samskiptum.



BREYTINGAR Á GRENNDARGÁMUM

– nýtt og betra kerfi í febrúar 2016.

Tímabundnar breytingar verða á söfnunargámum frá september – febrúar 2016 og því mögulegar raskanir á þjónustu.

Nýtt grenndargámakerfi byggir á stærri gámum og auknum flokkunar- möguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna.

Minum á endurvinnslustöðvar SORPU.



facebook.com/flokkumogskilum



Ægir Þór til liðs við KR

KR-ingar hafa fengið góðan liðstyrk þegar landsliðsmaðurinn og Eurobasket-farinn Ægir Þór Steinarsson gekk frá samningi við liðið. Þetta kemur fram á fésbókarsíðu KR-inga.

KR-ingar hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn undanfarin tvö og eru líklegir til að vinna þann þriðja í röð nú þegar einn besti leikstjórnandi Íslands hefur ákveðið að spila í Vesturbænum. „Ægir mun án efa styrkja gott lið enn frekar og hjálpa til við að ná markmiðum tímabilsins," segir í fréttinni á fésbókarsíðu KR-inga. Ægir var einn af tólf leikmönnum íslenska landsliðsins sem stóð sig frábærlega á Evrópumótinu í Berlín á dögunum. Tveir aðrir leikmenn íslenska liðsins spila með KR í vetur eða þeir Pavel Ermolinskij og Helgi Már Magnússon auk þess að fyrirliðinn Brynjar Þór Björnsson var í fimmtán manna hópnum. Ægir hefur spilað með sænska liðinu Sundsvall Basket undanfarin tvö tímabil en hann lék síðast hér heima með Fjölni. Ægir var með 5,2 stig og 3,0 stoðsendingar að meðaltali á síðasta tímabili. Ægir, sem er 24 ára gamall, er uppalinn Fjölnismaður. Hann lék síðast á Íslandi í upphafi tímabils haustið 2011



Ægir Þór Steinarsson ásamt Böðvari Guðjónssyni formanni meistaraflokksráðs KR.

en tímabilið á undan frá 2010 stig og 8,9 stoðsendingar að til 2011 var hann með 16,1 meðaltali í leik.

KR-SÍÐAN



Kári, Karitas og Karl sigruðu á stigamóti KR

Karitas Ármannsdóttir, Kári Ármannsson og Karl A. Claesson sigruðu í sínum flokki á fyrsta stigamóti vetrarins í borðtennis, sem haldið var í Íþróttahúsi Hagaskóla sunnudaginn 20. september.

Kári Ármannsson, sem er 14 ára sigraði í meistaraflokki í karla. Hann lagði Magnús Gauta Úlfarsson úr BH 3-1 (13-11, 11-7, 5-11, 12-10). Þetta var fyrsti sigur Kára á móti í meistaraflokki. Pétur Marteinn Tómasson varð þriðji.


Karitas Ármannsdóttir, sem er 10 ára og systir Kára, sigraði í 2. flokki kvenna. Hún tók aftur upp spaðann eftir árshlé frá borðtennisiðkun og sigraði Íslandsmeistarann í 2. flokki, Stelli Karen Kristjánsdóttur úr Víkingi tvisvar á mótinu. Þær mættust í

úrslitum og þá vann Karitas 3-2 (13-11, 3-11, 12-10, 15-17, 11-7). Guðbjörg Lív Margrétardóttir varð í 3.-4. sæti.

Karl A. Claesson vann sitt fyrsta mót í 2. flokki karla, þegar hann lagði stigahæsta leikmanninn, Birgi Ívarsson úr BH í úrslitum. Karl var 4-10 undir í oddalotunni en gaft ekki upp, vann 8 stig í röð og sigraði 12-10 og 3-2 í leiknum (9-11, 8-11, 11-8, 11-8, 12-10). Ellert Kristján Georgsson og Ingi Brjánsson höfnuðu í 3.-4. sæti.

Margir ungu leikmennanna úr KR hafa æft vel í sumar mátti sjá það í framförum þeirra á mótinu.

Myndirnar af verðlaunahöfum tóku Ingimar Ingimarsson og Kristján Kári Gunnarsson. Myndina af Kára og Karitas tók Guðrún Ólafsdóttir.



Verðlaunahafar í meistaraflokki karla.



Verðlaunahafar í 2. flokki karla.



Verðlaunahafar í 2. flokki kvenna.

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrotta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í ORLANDO

Verð frá **37.900*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að prófa öll tækin í Disney World. Eða keppast við að ná öllum rennibrautunum í Wet N Wild fyrir hádegi. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Leggjast niður og njóta sólarinnar. Rölta í staðinn fyrir að arka. Byggja sandkastala í rólegheitum. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

Flogið verður fjórum sinnum í viku í vetur til Orlando International Airport.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

[Twitter](#) [Facebook](#) [Instagram](#) [YouTube](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR



* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.